

## SAMÞYKKT

### um gatnagerðargjald í þéttbýli í Hörgárbyggð.

## 1. gr.

*Almenn heimild.*

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í þéttbýli í Hörgárbyggð skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt samþykkt þessari, sbr. 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

## 2. gr.

*Ráðstöfun gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu og viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja.

Tengi- og heimæðargjöld eru innheimt sérstaklega og ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

## 3. gr.

*Gjaldstofn gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýrra bygginga og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð. Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

Þegar sveitarfélagið úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð er gatnagerðargjald lagt á í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi (nýtingarhlutfall lóðarinnar).

Þegar gatnagerðargjald verður ekki lagt á skv. a-lið, eða ef byggingarleyfi er veitt fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, er við útgáfu byggingarleyfis lagt á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Við álagningu skv. b-lið 2. mgr. skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50.

## 4. gr.

*Útreikningur gatnagerðargjalds.*

Af hverjum heimiluðum fermetra húss sbr. 3. gr. greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Gerð húss	Hundraðshluti
Einbýlishús með eða án bílgeymslu	10,0%
Raðhús og parhús með eða án bílgeymslu	8,0%
Fjölbýlishús með eða án bílgeymslu	4,0%
Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði	5,5%
Iðnaðarhúsnæði	5,5%

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun húsnæðis þannig að hún færist í hærri gjaldflokk sbr. 1. mgr. skal greiða gatnagerðargjald sem

svarar til mismunar hærri og lægri gjaldflokksins. Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færir í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

Fjárhæðir taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins.

#### 5. gr.

##### *Undanþágur frá greiðslu gatnagerðargjalds.*

Undanþegnar greiðslu gatnagerðargjalds eru eftirtaldar byggingar:

- a. Lagnakjallarar og aðrir gluggalausir kjallarar, sem aðeins er gengið í innan frá.
- b. Stækkun á eldra íbúðarhúsnæði, 15 ára og eldra, allt að 30 fermetrum á hverja íbúð á hverju 10 ára tímabili. Af stækkun umfram 30 fermetra greiðist fullt gatnagerðargjald eftir viðkomandi flokki.
- c. Óeinangruð smáhýsi, minni en 10 fermetrar, fyrir stærri hús er greitt sama gatnagerðargjald og fyrir hesthús.
- d. Sameiginlegar bifreiðageymslur fyrir þrjár eða fleiri bifreiðir.

#### 6. gr.

##### *Sérstakar lækkunarheimildir.*

Sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna þéttingar byggðar eða lítillar ásóknar í viðkomandi lóð.

Sveitarstjórn er ennfremur heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald vegna sérhæfs félagslegs húsnæðis, svo sem vegna sambýlis fyrir fatlaða, þjónustuíbúða fyrir aldraða og félagslegs leiguhúsnæðis. Þinglýsa skal kvöð á umrætt húsnæði um að greiða skuli gatnagerðargjald af því ef það fellur af einhverjum ástæðum ekki lengur undir þetta ákvæði. Við slíka breytta notkun, sem er háð samþykki byggingarnefndar, er gjalddagi gatnagerðargjalds skv. c-lið 1. mgr. 7. gr. og eindagi er skv. 2. mgr. 7. gr.

#### 7. gr.

##### *Greiðsluskilmálar.*

Gjalddagar gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

- a. Við útgáfu lóðarleigusamnings skv. a-lið 3. gr. eða við útgáfu byggingarleyfis skv. b-lið sömu greinar skal greiða helming gatnagerðargjalds.
- b. Þegar viðkomandi lóð er byggingarhæf greiðast eftirstöðvar gatnagerðargjalds að fullu.
- c. Þremur mánuðum eftir útgáfu lóðarleigusamnings, ef úthlutað lóð er byggingarhæf við útgáfu lóðarleigusamnings, greiðast eftirstöðvar gatnagerðargjalds að fullu.
- d. Við útgáfu byggingarleyfis vegna framkvæmda sem falla undir 5. gr., en eru ekki undanþegnar gatnagerðargjaldi, og vegna framkvæmda sem falla undir 2. mgr. 6. gr.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Af gjaldföllnu gatnagerðargjaldi skulu greiðast dráttarvextir, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

#### 8. gr.

##### *Afturköllun lóðarúthlutunar vegna vanskila eða dráttar á framkvæmdum.*

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er sveitarstjórn þá heimilt að undangenginni viðvörun að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 6 mánaða frá úthlutun lóðar, er heimilt að fella lóðarúthlutunina úr gildi og endurgreiðist þá gatnagerðargjaldið.

## 9. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds og lögveðsréttur.*

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 10. gr.

*Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b. Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt innan 30 daga ef lóð er afturkölluð skv. a-lið, sama gildir um gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á í tengslum við útgáfu byggingarleyfis sbr. b-lið, en þá skal gatnagerðargjald endurgreitt innan 30 daga frá því að byggingarleyfishafi hefur sannanlega krafist endurgreiðslu.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt, án vaxta, miðað við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

Um endurgreiðslu fer að öðru leyti skv. 9. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

## 11. gr.

*Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.*

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Hörgárbyggð fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld, sem sveitarstjórn hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðar-eigandi hefur undirgengist, breytast ekki vegna þessarar gjaldskrár.

## 12. gr.

*Gildistaka.*

Samþykktin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hörgárbyggðar, skv. heimild í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald.

Samþykktin öðlast gildi 1. september 2007 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samþykktin var samþykkt af sveitarstjórn 15. ágúst 2007.

*Hörgárbyggð, 16. ágúst 2007.*

**Guðmundur Sigvaldason** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. september 2007